

um iðnaðarmálastjóra.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

### I. KAFLI

#### Um stjórn iðnaðarmála.

##### 1. gr.

Ráðherra sá, sem fer með iðnaðarmál, skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða.

##### 2. gr.

Ráðherra skipar iðnaðarmálastjóra til þess að fara með störf þau, sem honum eru ætluð í lögum þessum, og setur honum erindisbréf. Skal hann vera verkfræðingur að menntun og taka laun samkv. V. fl. launalaganna.

### II. KAFLI

#### Um verkefni iðnaðarmálastjóra.

##### 3. gr.

Iðnaðarmálastjóri annast framkvæmdir og dagleg störf samkvæmt lögum þessum. Hann undirbýr tillögur og áætlanir um ný iðjuver, er ríkissjóður lætur reisa eða styrkir aðra til að koma upp, svo og um endurbætur eða stækkanir iðjuvera, sem starfrækt eru af ríkissjóði eða hann styrkir með lánnum, framlögum eða á annan hátt. Skal hann og hafa yfirumsjón með öllum slíkum framkvæmdum fyrir hönd ríkissjóðs. Hann skal og veita sams konar aðstoð bæjar- og sveitarfélögum og einstaklingum, ef þess er óskað, gegn hæfilegu gjaldi.

##### 4. gr.

Verkefni iðnaðarmálastjóra skal vera:

1. Að gera árlega tillögur til ríkisstjórnarinnar um heildartilhögun á sviði iðnaðarmála með það fyrir augum:
  - a. að eðlileg og holl hlutföll haldist á milli atvinnuvega þjóðarinnar um skiptingu á vinnuafli, gjaldeyri, rekstrarfé, fjárfestingu og opinberri aðstoð;
  - b. að framleiðslunni sé beint að þeim greinum, sem hagfelldastar eru fyrir þjóðina og samrýmast best þörfum hennar á hverjum tíma;
  - c. að hendi sé ekki sleppt af neinum afurðum, er vér öflum, fyrr en þær hafa verið svo úr garði gerðar, að þær skili landinu sem mestum erlendum gjaldeyri, ef út eru fluttar, en spari sem mestan erlendan gjaldeyri, ef þær eru seldar innanlands.
2. Að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð framleiðslunnar m. a. með því:
  - a. að fylgjast með öllum nýjungum, sem fram koma meðal annarra þjóða í iðnaðarmálum, og láta þær iðnrekendum í té;
  - b. að leiðbeina iðnrekendum um endurbætur á vélum, húsakynnum og vinnutilhögun í iðjuverum;
  - c. að leiðbeina iðnrekendum um meðferð hráefna og á hvern hátt gera megi þau sem verðmætust, t. d. með blöndun annarra efna;
3. Að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um ný iðjuver, sem hagkvæmt þykir, að reist verði á kostnað ríkissjóðs eða styrkja beri af opinberu fé, svo og um endurbætur eða stækkun eldri iðjuvera.
4. Að gera tillögur um sölu iðjuvera ríkisins, ef hagkvæmara þykir, að þau séu starfrækt af öðrum aðilum.
5. Að athuga árseikninga og fjárhagsáætlanir iðjuvera ríkisins og gera tillögur til úrbóta, ef sýnt er, að fyrirtækin eru starfrækt með tapi.

##### 5. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja um framkvæmd þessara laga, m. a. ákvæði um gjöld fyrir veitta aðstoð til iðjuvera.

##### 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.